

Stjórnarfundur FBÍ nr.5

2.9.2019

Mættir eru; Björn, Kristín, Gunnar, Stefán, Bjarni, Hafþór, Ómar, Sigurður og Guðný.

-Bjarni segir okkur frá að honum hafi tekist að endursemjja við KFUM um lækkun á gjaldi á Vatnaskógi fyrir Landsmót. Endatala er tap upp á 670.000kr.

-Kíkt í skúrinn var frumsýnt í síðustu viku og kom þar merki okkar víða. Það kom vel út.

Næsti þáttur Kíkt í skúrinn verður meðal annars með heimsókn í Barka og þar verður fjallað um bremslulöngur og í framhaldi af því verður sérstakt tilboð í Barka á bremslulöngur fyrir félagi FBÍ.

-Allir eru sammála um að stjórn hafi aðgang að dropboxi fyrir lógó og aðra hluti tengdum klúbbnum.

-Bjarni er búin að fá tilboð í nýja sílendra á Esjumelum svo hægt sé að taka til í þessu. 7 sílendar og 4 hengilásar. Þetta kostar um 100.000kr. Samþykkt samhljóða.

-Allir eru sammála um að taka til í securitas málum, aftengja sérkerfi innanhúss í Hlíðasmára.

-Tiltekt á Esjumelum á vegum stjórnar verður næsta laugardag 7.september. Mæting kl.8.00.

-Bjarni hefur óskað eftir verðtilboði frá Garðari málara í að mála framhlið á Esjumelum.

-Guðný segir okkur að leiga á kaffivél kosti um 70.000kr á mánuði. Stjórn ætlar ekki að gera það. Við höldum okkur við gamla kerfið sem stendur.

-Gunnar er í sambandi við Sigurjón Hjaltason í Origo með nýjan myndvarpa sem getur sýnt í meiri birtu.

-Ómar segir okkur að endursamið hafi verið upp á nýtt við NTV upp á 15.000kr skiptið sem þeir nota húsnæði okkar.

-Ómar segir okkur að húsið sem rætt var um daginn sé út af borðinu, bæði of dýrt og sennilega komið í útleigu.

Aðrar lausnir eru í skoðun.

-Ný bílageymslunefnd formlega kynnt. Stefán Halldórsson formaður, Árni Þorsteinsson, Rúnar Sigurjónsson og Steingrímur Snorrason.

-Hafþór kynnir fyrir okkur hugmynd um að klúbburinn standi hugsanlega með einhverjum hætti ferð Goodwood festival of speed í suður Englandi. Eða klúbburinn stæði fyrir kynningu á þessu. Hafþór heldur okkur upplýstum.

-Hafþór leggur til að við hugsanlega noti einhverja aura til að kynna klúbbinn á facebook.

Umræður um hvort halda eigi Skilaboðum áfram. Engin ákvörðun tekin um þetta.

Meðal nýrra reglna í nýrri bílageymslunefnd eru að opið verður á tveggja vikna fresti í stað í hverri viku. Listi með nöfnum þeirra sem eru á biðlista verður hengdur upp á vegg í Hlíðasmára.

-Hafþór tekur að sér að láta búa til límmiða sem verðlauna miða fyrir mætingar í sumar, Gull, Silfur, Brons.

-Gunnar tekur að sér að kanna með októberfest.

-Ómar tekur að sér að hætta að senda greiðsluseðla.

Fundi slitið kl.21.12